

Forsætisráðuneytið  
b.t. Guðjóns Björns Guðbjartssonar  
Lækjartorgi Stjórnarr  
101 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2025  
2408016SA APS/vrb/km  
Málalykill: 00.61

**Efni: Tilnefning varafulltrúa í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli  
fæðingarorlofs og leikskóla**

Vísað er til erindis forsætisráðuneytisins, dags. 15. apríl 2025, þar sem óskað er eftir tilnefningu varafulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla.


Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir Hildi Björnsdóttur, borgarfulltrúa í Reykjavík, sem varafulltrúa í aðgerðarhóp um brúun bilsins milli fæðingarorlofs og leikskóla. Sambandið óskar eftir að fá sent afrit af skipunarbréfi ráðherra.

Gert er ráð fyrir að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru í nefndir, ráð og stjórnir af hálfu Sambandsins vinni á grundvelli stefnumörkunar þess sem er á heimasíðunni [www.samband.is](http://www.samband.is) og hagi störfum sínum í samræmi við hana eins og við getur átt.

Samfara tilnefningu þessari er gengið út frá því að Sambandið muni engan kostnað bera af fulltrúa sínum í aðgerðarhópnum auk þess sem Sambandið telur eðlilegt að þóknun verði greidd fyrir störf í aðgerðarhópnum.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Arnar Þór Sævarsson  
framkvæmdastjóri

Afrit: Hildur Björnsdóttir

Skjal sótt af '9999999999' dags: 03.04.2026